

Verkafólkid verður sifellt fátækara og loks hrynur allt kerfið til grunna af sjálfu sér í tilraunum sínum til að hreinsa út eigin orku, orku sem er sjálfur gildisaukinn. Samkvæmt kenningu Marx er hið stéttlausl þjóðfélag handan við hornið.

Skipting þegnanna sem byggðist á eignarhaldi á framleiðslutækjunum er horfin. Þegar þjóðfélagit eignast sjálfst öll framleiðslutakin er grunninum kippt undan slíkri skiptingu. Marx kallaði þessa þróun markaðskerfisins hreyfilögum þess eins og fyrr segir. Hann spáði því að svona myndi fara og sumir spádoma hans hafa ræst. Gróðinn hefur tilhneigingu til að minnka nema hjá einokunarfyrirtækjunum.

Eina leiðin til að fyrirtækin geti viðhaldið gróðanum til framþúðar er vöxtur hagkerfisins. Þessi vöxtur kallar á sifelldar tækniframfarir og hér komum við að öðrum spáðómi Marx. Það er hin sifellda leit framleiðendanna að nýjum vélum og nýrri tæknii. Marx spáði því að hagkerfin myndu einkennast af endurteknunum hagsveiflum og þar hafði hann rétt fyrir sér. Hann spáði því líka að fyrirtækin yrðu sifellt stærri. Þessi spá var mjög sérstök árið 1867 þegar flest fyrirtæki voru smá og stór fyrirtæki heyrðu til algjörra undantekninga.

Margt í líkani Marx hefur reynst vel til þess að spá fyrir um þróun markaðskerfisins. En hvað um þann spádóm að slík hagkerfi muni að endingu líða undir lok? Sumir benda á að blönduð hagkerfi hafi reynrar alls staðar komið í stað markaðskerfa. Þetta er m.a. vegna þess óstöðugleika sem óheft markaðskerfi búa við og ekki síður vegna þess félagslega óréttlætis sem einkennir slík kerfi.

Spá Marx um þróun markaðskerfisins.

Verkefni

- Segðu frá kenningu Karls Marx um það hvernig fullkomrð markaðskerfi muni eyða sér sjálf.

Markaðsöflin – eftirspurn og framboð

6

Eftirspurn

Það er verðið og tekjur kaupendanna sem ráða mestu um það hversu margar máltiðir eru keyptar og seldar á degi hverjum á ákveðnum matsölnustað. Því lagra verð sem er á máltiðunum og því hærri sem tekjur neytenda eru þeim mun fleiri hafa tök á að kaupa mat í hádeginu – eða, svo að notað sé orðfari hagfræðiminnar, þeim mun meiri er eftirspurnin eftir mat á markaðnum.

Enda þótt menn hafi góðar tekjur og verðið sé ekki ýkja hátt getur vel verið að þeir kjósi heldur að kaupa sér samloku og kók í staðinn fyrir heitan mat. Samanburður á verðinni á samloku og kók og verðinu á máltiðinni í matsölumni hjálpar okkur að ákveða hvort það sé skynsamlegra að kaupa okkur máltið í matsölunni eða kaupa samloku og kók. Eftirspurn eftir vörur fer líka eftir því hvort kaupa þarf eittihvað annað til að geta notað vörurna. Ef miðaverð á auglýsta tónleika á Akureyri er 4.000 kr. þá skiptir það verð e.t.v. ekki öllu máli, heldur miklu frekar verðið á fluginu til og frá Akureyri. Tiskusbraumar og smekkur hafa einnig áhrif á eftirspurn eftir mat. Sumir vilja helst ekki fulla máltið í hádeginu. Þeir vilja kannski fá sér skyr eða jógúrt eða grænmeti og ávexti í hádeginu. Smekkur okkar er misjafn.

Eftirspurn er vilji fólks og geta þess til að kaupa vörur eða þjónustu. Hún lýsir sér þannig að kaupandinn leggur peningana á bordið.

Eftirfarandi þættir hafa áhrif á eftirspurnina:

1. Verð vörunnar

Því lægra sem verðið er þeim mun meiri verður eftirspurnin og því hærra sem verðið er þeim mun minni verður eftirspurnin. Verslanir lækka verð á vörum sínum eftir jólavertíðina og fólk flykkist á útsölu til að gera góð kaup. Salan eykst því þegar verðið lækkar eykst kaupmátturinn.

2. Tekjur kaupenda

Því hærra sem tekjurnar eru þeim mun meiri verður eftirspurnin eftir flestum¹ vörum en því legri sem tekjurnar eru þeim mun minni verður eftirspurnin. Við sjáum að viðskiptin aukast í verslunum um hver mánaðamót. Það er vegna þess að flestir fá þá greidd laun sín og þá auðkast tekjurnar í höndum fólk og þar með kaupmátturinn. Afleiðingin er aukin eftirspurn eftir vörum og þjónustu.

3. Verð stuðningsvara

Stuðningsvara eða samnotavara er sú vara kölluð sem notuð sem með annarri vör, t.d. bensín og bill, þvottaeftir og þvottavél, rafmagn og hárpurrka, kók og pitsa, prins póló og kók, jeppakerra og bill, DVD-spilari og DVD-myndir o.s.frv.



Því dýrara sem bensínið verður þeim mun dýrari verður rekstur bílsins og þeim mun minni verður því eftirspurnin eftir bílum í framtíðinni. Þegar bensínverðið margfaldað geta færri og ferri veitt sér þann munad að reka bíl. Því ódýrari sem DVD-spilarar verða þeim mun meira verður keypt eða leigt af DVD-myndum. Verð á stuðningsvörur hefur því áhrif á eftirspurn eftir vörunni sem hún er notuð með.

¹ Til eru vörur sem við kaupum minna af þegar tekjur okkar auðkast. Það eru svokallaðar undirmálsvörur sem eru keyptar vegna þess að við höfum ekki **efni** á dýrari vörum sem við vildum heldur kaupa. Ferri Íslendingar taka t.d. slátur nú til dags en áður tilkaðist en borda þess í stað meira af kjöti.

4. Verð á staðgengilsvörum

Staðgengilsvörur eru þær vörur kallaðar sem hægt er að nota í stað annarrar vörur, t.d. Coke og Pepsi, te og kaffi, Smjörvi og smjör o.s.frv.



Því lægra verð sem er á staðgenglum þeim mun minni verður eftirspurnin eftir hinni vörunni og því hærra sem verðið er á staðgenglunum þeim mun meiri verður eftirspurnin eftir vörunni. Í stað þess að fara í bíl eða á hjóli í skólan geta flestir notað strætó. Strætisvagnar eru því staðgenglað fyrir einkabilinn. Eftir að gjald í strætó var felt niður fyrir framhaldsskólanema varð aukning á notkun strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu og gera má því ráð fyrir að þá hafi ferri farið á einkabilnum í skólanum. Því lægra sem verðið verður á tilteikinni vörur eða þjónustu þeim mun minni verður eftirspurnin eftir öðrum vörum og þjónustu sem geta komið í hennar stað.

5. Smekkur og tíska kaupenda

Því vinsælli sem varan er þeim mun meiri verður eftirspurnin. Því meira sem varan er auglýst þeim mun fleiri kaupa hana og líki þeim varan vel eru þeir líklegrir til að kaupa hana aftur. Fólk á öllum aldri getur helst ekki verið án GSM-síma og stafrænna myndavéla. Eftir nokkur ár eða mánuði verður eitthvað annað sem engum finnst hann geta verið án. Ólfkir aldurshópar, fólk af ófiku þjóðerni, fólk með mismunandi tekjur og með ólika menntun hefur ólikan smekk og kaupir þar af leiðandi ólíkar vörur og þjónustu.

Tískufyrirbrigði eins og hálahopphringir, fótanuddæki og stjörnustriðsdákkur skjótaðist upp á stjörnuhimtinum en fyrir en varir eru þau gleymd og grafin því að eitthvað annað hefur fangað hugi neytendanna. Auglýsingar og margs konar önnur markaðssetning getur breytt smekk okkar og búið til nýja tísku.

6. Lánskjör og lánamöguleikar

Því auðveldara sem aðgengi er að lánum og þeim mun betri sem lánskjörin eru því meiri verður eftirspurnin eftir vörum og þjónustu. Verslanir auglýsa nýtt kortatímabil. Það minnir neytendur að nú sé hægt að taka meira út á kreditkortið. Þær auglýsa líka vaxtalaus lán til ákveðins tíma ef keypt er strax. Lægri vextir og

aukið aðgengi almennings og fyrirtækja að lánum eykur eftirspurnina í þjóðfélginu. Því hærra blutfall af kaupverði íbúðar sem íbúðalánaður og bankarnir vilja lána íbúðakaupendum þeim mun meiri verður eftirspurnin eftir íbúðum. Því lægri vexti sem menn þurfa að greiða af íbúðalánum og því hærri sem vaxtabæturnar eru þeim mun fleiri geta keypt sér íbúð.

Eftirspurnarkúvan

Hagfræðingar sýna sambandið á milli verðs á vörum og þess magns sem kaupendur vilja kaupa á ákveðnum tíma, t.d. á einum mánuði, með kúrvu sem þeir kalla eftirspurnarkúrvu. Þessi kúra er teiknuð *ceteris paribus* sem er latína og þýðir að öðru jöfnu. Við teiknum sem sé kúrvu þar sem öllum þáttum sem geta haft áhrif á eftirspurnina, öðrum en vörumerðinu, er heldið fóstum. Þetta sýnum við með eftirspurnarkúrvunni.

Eftirspurnarkúrvan er líkan eða módel sem sýnir okkur sambandið á milli verðs og magns af einhverri vörum í heimi þar sem allir aðrir hugsanlegir áhrifaþættir eftirspurnarinnar breytast ekki. Eftirspurnarkúrvan er auðvitað eins og öll önnur líkön einfölduð mynd af raunveruleikanum. Við látum eitt andartak eins og ekkert annað en verð vörurnar geti haft áhrif á eftirspurnina sem er auðvitað ekki rétt.

En hvers vegna bætum við til líkana sem við vitum frá upphafi að gefur ekki nákvæma mynd af raunveruleikanum? Það er vegna þess að við teljum að ekkert hafi meiri áhrif á eftirspurnina en vörumerðið og þó verðið segi ekki alla söguna gerir eftirspurnarkúrvan okkur kleift að geta okkur til um áhrif verðbreytinga á eftirspurnina.


Þó tilkanið sé einfalt og sýni ekki hvað gerist ef allir áhrifavalðarnir taka upp á því að breytast í einum, þá getur það sýnt okkur hver áhrif hvers og eins þeirra eru á eftirspurnina og þannig hjálpað okkur að skilja hvernig og hvers vegna eftirspurnin breytist og hvaða afleiðingar það hefur fyrir verðið og söluna á markaðnum.

Tökum dæmi af sambandinu á milli eftirspurnar og verðs á máltaðum sem menn vilja kaupa í mótneyti. Á mynd 6.1 má sjá verð máltaðar og fjölda þeirra sem eru keyptar eftir því hvað þær kostar, og sömu upplýsingar settar upp í eftirspurnarkúrvu, sjá mynd 6.2.

Við sjáum á töflunni, mynd 6.1, að það þýðir ekki að hækka

| verð | magn |
|---------|--------------|
| 400 kr. | 0 |
| 350 kr. | 100 máltaðir |
| 300 kr. | 200 máltaðir |
| 250 kr. | 300 máltaðir |
| 200 kr. | 400 máltaðir |
| 150 kr. | 500 máltaðir |
| 100 kr. | 600 máltaðir |

Mynd 6.1 Eftirspurn eftir heitum mat á dag (E_1)



Mynd 6.2
Eftirspurnarkúrva

verðið upp í 400 krónur því að þá er eftirspurnin engin. Þannig sýnir eftirspurnarkúrvan samband verðs og þess fjölda máltaða sem menn vilja kaupa að gefnum þeim forsendum að engir aðrir áhrifaþættir breytist. Ef tekjur fólks aukast eða verð á samlokum hækkar þá breytist eftirspurnin og til verður ný eftirspurnarkúrva, E_2 , sjá mynd 6.2. Ef við skoðum E_2 í töfluformi, sjá mynd 6.3, sjáum við að auknar tekjur almennings eða hækkan á verði á samlokum hefur þau áhrif að eftirspurnin eykst að meðaltali um 200 stykki á hverju einstöku verði. Eftirspurnarkúrvan hlíðrast til hægri um 200 stk.

Eftirspurnarkúrvan sýnir vilja og getu fólks til að kaupa ákveðna vörum eða þjónustu á ákveðnu verði á ákveðnu tímabili. Hún hallar niður til hægri vegna þess að eftir því sem lægra verð er á matnum í matslunni þeim mun fleiri máltaðir seljast og því hærri sem verðið er þeim mun færri máltaðir kaupa menn.

Fyrir þessu eru tvær meginástæður. Í fyrsta lagi eykst kaupmáttur fólks þegar verðið lekkar – þetta kallast telkjáuhrif. Þú getur keypt fleiri máltaðir fyrir 1000 krónurnar þínar þegar verðið lekkar. Í öðru lagi verða máltaðirnar betri kaup eftir verðlekkunina þegar þær eru bornar saman við aðrar matvörur sem ekki hafa

Mynd 6.3
Aukin eftirspurn (E_2)

| verð | magn |
|---------|--------------|
| 400 kr. | 200 máltaðir |
| 350 kr. | 300 máltaðir |
| 300 kr. | 400 máltaðir |
| 250 kr. | 500 máltaðir |
| 200 kr. | 600 máltaðir |
| 150 kr. | 700 máltaðir |
| 100 kr. | 800 máltaðir |

lækkað í verði. Sumir hætta að kaupa samlokur eða sælgæti í hádeginu og kaupa þess í stað málftöfnar sem hafa lækkað í verði – þetta eru kölluð stadtengilsáhrif.

Við notum eftirspurnarkúrvur til að auðvelda okkur að sjá áhrifin af breytingum á eftirspurn eftir vörum, þjónustu, peningum, vinnaflui, fasteignum, erlendum gjaldmiðlum o.s.frv. Þetta skiptir okkur máli því þegar eftirspurn eftir vinnaflui eykst, þá hækka launin í þjóðfélaginu og við njótum góðs af því. Þegar eftirspurn eftir lánsfé vex, þá hækka vextirnir og dýrara verður að taka lán til húsnæðiskaupa eða að greiða vextina af yfirdrættinum.

Ef almenn eftirspurn eftir vörum minnkar í þjóðfélaginu veldur það minni eftirspurn eftir vinnaflui og einhverjur missa vinnuna. Þetta getur haft slæm áhrif á okkur, vini okkar, foreldra, systkini eða nágrenna.

Allar eftirspurnarkúrvur hafa eftirfarandi einkenni:

1. Á lóðréttá ásinn ($y\text{-ásinn}$) skráum við verðið en á láréttá ásinn ($x\text{-ásinn}$) skráum við magnið sem menn vilja kaupa á ákveðnu tímatíibili.
2. Við láréttá ásinn þarf því að koma fram á hve löngum tíma magnið er keypt. Við þurfum sem sé að vita hvort það eru 200 málftíðir á ári, á viku eða á dag, sem fólk vill kaupa þegar verðið á málftíðinni er 300 kr.
3. Við skráum einn punkt fyrir hvert verð, t.d. þegar verðið er 350 kr. þá er magnið 100 stykki í dæminu hér fyrir framan á E_1 . Síðan tengjum við punktana saman með línu sem liggur í gegnum þá alla og þar með er eftirspurnarkúrvan komin.

Pessi eftirspurnarkúva, E_1 , sýnir samband ðið milli hugsanlegra kaupa á mat í hádeginu í mótneyti á einni viku. Í byrjun hverrar viku eignum við ákveðna upphæð sem við notum til kaupa á málftíðum alla vikuna. Nú gerist það eina vikuna að kaupendurmir hafa meiri tekjur. Þetta gæti verið í fyrstu vikunnin eftir mánaðamót þegar allir fá útborguð laun. Í þeirri viku hafa þeir því meiri peningar til að eyða í mat í mótneytinu. Verð á málftíðum er óbreytt. Nýja eftirspurnarkúrvan, E_2 , sýnir eftirspurnina eftir að tekjurnar jukust. Hún hlýtur að vera hægra megin við þá fyrri vegna þess að við getum nú keypt fleiri málftíðir en áður.

Hugsum okkur nú að tekjur okkar verði áfram háar og við kaupum jafnmargar heitar málftíðir í vikunni þar á eftir. Við erum því enn stödd á eftirspurnarkúrvu E_2 á mynd 6.2. Nú lækkar mótneytið allt í einu verð bæði á samlokum og salati. Við þetta breytist eftirspurn okkar eftir heitum mat og eftirspurnarkúrvan E_2 færst því til og verður E_1 .

Hingað til hefur eingöngu verið fjallað um eftirspurn eða þá hlið sem snýr að kaupandanum. Nú skulum við lita á hina hlið markaðsins eða þá sem snýr að framleiðandanum og athuga hvernig við hans er háttá.

Framboð

Sá sem framleiðir málftöfnar í matsölunni vill auðvitað framleiða meira ef verðið á málftíðunum í matsölunni er hátt. Það er vegna þess að framleiðslu á hverri málftíð fylgir ákveðinn kostnaður og því herra sem verðið er því meiri verður hagnaður hans af því að framleiða og selja málftíðir. Hann vill auðvitað ekki framleiða neitt ef verðið er lægra en það sem það kostar hann að framleiða málftíðina. Við síkar aðstæður er ekkert framboð.

Kostnaðarþætti framleiðslunar eru ólikir eftir því hvaða vörur eða þjónustu er verið að framleiða og selja hverju sinni. Algengir kostnaðarliðir framleiðanda eru vinnulaun, hráefni, vaxtagjöld, auglysingar, leiga og afskriftir. Skattar og niðurgreideðslur, ef um slikt er að ræða, hafa einnig áhrif á kostnað framleiðandans. Verðhækkan eða verðlækkun á öðrum vörum sem framleiðandinn getur framleitt hefur einnig áhrif á framboð hans af vörurnni. Síðast en ekki síst hafa tæknibreytingar áhrif á framboðið.

Eftirfarandi þættir hafa allir áhrif á framboð:

1. Vöruberð

Því herra verð sem við fáum fyrir vöruna þeim mun meira er framboðið og því laegra verð sem við fáum fyrir vöruna þeim mun minna viljum við framleiða.

Það er ákveðinn meðalkostnaður við að framleiða hverja

Framboð er vilji framleiðanda til að framleiða vörur eða þjónustu á ákveðnu verði og framboðið kemur fram þegar þeir setja vöruna eða þjónustuna á markað á ákveðnu verði.

ciningu og ef kostnaður á ciningu breytist ekki þótt magnið aukist, þá græðum við sifellt meira á að selja hverja ciningu þegar verðið hækkar á markaðnum. Ef verð á ciningu lækkar þá minnkar gróði okkar á ciningu. En þegar gróðinn lækkar minnkar jafnframt áhugi okkar á framleiðslunni því að við höfum lítið gaman af því að framleiða ef framleiðslan er alltaf í járnum eða ef við töpum á öllu saman. Aukist gróðinn aftur á móti vegna verðhækunar, þá aukum við framboðið því að auðvitað finnst okkur betra að græða 100 krónur á hverri ciningu en 50 krónur eins og við gerðum þegar verðið var lægra.

2. Verð framleiðsluþáttanna

Því dýrari sem framleiðsluþættirnir eru þeim mun meiri verður kostnaðurinn við framleiðsluna og þeim mun minna verður framleitt á hverju verði. Launahækun, herra hráefniverð, hærri vextir og dýrari vélar auka framleiðslukostnaðinn og drago þannig út áhuga framleiðandans á því að framleiða. Þetta er vegna þess að aukinn kostnaður minnkar hagnaðinn. Því minni hagnað sem framleiðandinn fær þeim mun minna verður framboð hans. En lækki verðið á framleiðsluþáttunum eykst framboðið í kjölfarið því að minni kostnaður eykur gróðann.


3. Skattar fyrirtækja

Þegar ríkið lækkar skatta á fyrirtæki dregur það úr kostnaði þeirra og veldur auknu framboði, en hekki stjórnvöld skatta á fyrirtæki eykur það kostnaðinn og framboðið dregst saman. Reynt hefur verið að lækka skatta á fyrirtæki til að draga úr verðbólgu því takist að auka framboð fyrirtækjanna með skattalækkunum ættu þær jafnframt að geta lækkað verðlagið í landinu.

4. Niðurgreiðslur

Þegar ríkisvaldið greiðir hluta kostnaðarins við að framleiða ákvæðnar vörur og þjónustu þá kallast það niðurgreiðslur.² Aukist niðurgreiðslur á vörum, þá greiða stjórnvöld sterri hluta framleiðslukostnaðarins fyrir framleiðandann. Hann getur þá aukið framboð vörurnar án þess að gróði hans minnki. Ef á

² Tilgangur niðurgreiðsina er tvíþættur. Annars vegar lækka þær verð á vörum og þjónustu og tryggja þar með að feira fólk geti kynsl vörurna og hins vegar auka þær framleiðslu á vörurnni og auka þannig tekjur framleiðandans.



Mynd 6.4 Framboðskúrva

| verð | magn |
|---------|--------------|
| 100 kr. | 100 máltíðir |
| 150 kr. | 200 máltíðir |
| 200 kr. | 300 máltíðir |
| 250 kr. | 400 máltíðir |
| 300 kr. | 500 máltíðir |
| 350 kr. | 600 máltíðir |

Mynd 6.5 Framboð (F_1)

hinn böginn er dregið úr niðurgreiðslum eykst kostnaður framleiðandans, hagnaður hans minnkar og framboðið með.

5. Tæknibreytingar

Alls konar tæknibreytingar minnka framleiðslukostnaðinn og auka þannig framboð vörurnar. Aukin teknar bætir til dæmis afköst vinnuflsins og lækkar þannig framleiðslukostnaðinn.


6. Verð breytist á öðrum vörum sem fyrirtækið getur framleitt

Því hærra verð sem fest fyrir aðrar vörur sem fyrirtækið framleiðir eða getur framleitt, t.d. vör A, þeim mun minna verður framboðið af vöru B. Herra verð á vöru A gerir hana betri kost fyrir framleiðandann. Framleiðslugeta fyrirtækisins er því nýtt í auknum mæli til að auka framleiðslu á þeirri vöru sem er gróða-vænlegri.

Framboðskúrvan er kúrva sem sýnir sambandið á milli verðs á vörum og þess magns sem framleiðandinn vill framleiða. Hún er, eins og eftirspurnarkúrvan, dregin *ceteris paribus* eða að öðru jöfnu, þannig að enginn þáttur sem getur haft áhrif á framboðið breytist annar en verð.

Þannig sýnir framboðskúrvan F_1 á mynd 6.4 samband verðs og magns að gefnum þeim forsendum að engir aðrir áhrifaþættir breytist. Einnig er hegt að sýna framboðskúrvuna F_1 með töflu, sjá mynd 6.5. Ef verð framleiðsluþáttta lækkar (kostnaðurinn

Framboðskúrvan




Mynd 6.6 Jafnvægisverð og jafnvægismagn á markaði

Hvar og hvernig myndast jafnvægi á markaðnum?

Jafnvægisverðið og jafnvægismagnið á markaðnum myndast í þeim punkti þar sem framboðskúrvan og eftirspurnarkúrvan skerast, sjá mynd 6.6. Þetta er eina verðið þar sem magnið sem seljandinn vill selja er jafnmikið og magnið sem kaupandinn vill kaupa. Hér er hvorki umframeftirspurn né umframframboð. Verðið sem myndast í þessum skurðpunktí hefur hvorki tilhneigingu til að lækka eða hækka. Hér hlaðast hvorki upp birgðir sem þarf að losna við með því að lækka verð né heldur er hér vöruskortu þar sem neytendur berjast um vöruna og hægt er að komast hjá með því til dæmis að hækka verðið.

Á þessu ákveðna verði er því jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Verðið og magnið sem myndast á markaðnum er því kallað jafnvægisverð og jafnvægismagn.

Mynd 6.7 Verð sett yfir markaðsverð



minnkar) færist framboðskúrvan til hægri og verður að F_2 því að nú verður ódýrara að framleiða vöruna og þess vegna er meira framleitt.

Ef skattar á fyrtæknið hækka færist kúrvan F_1 til vinstri og verður að F_3 því að nú er reksturinn dýrari og því minna framleitt.

Aukið framboð getur einnig komið til vegna aukinna niðurgreiðslna. Ef fyrtæknið eða opinber aðili ákveður að greiða niður matinn handa starfsfólkini og borga þannig hluta af framleiðslukostnaði matsölnunar færist framboðskúrvan F_1 til hægri og verður að F_2 þar sem meira er framleitt af mat á hverju einstöku verði.


Ef verðið er sett fyrir neðan markaðsverði, t.d. 200 kr., þá verður slegist um vöruna.

Á mynd 6.8 sjáum við að það eru miklu fleiri flöskur sem við getum selt en við höfum framleitt svo að það myndast skortur sem nemur um 400 flöskum á dag. Við hækkum því verðið og framleiðum meira þar til jafnvægið næst þar sem framboð og eftirspurn eru jöfn.

Stundum setja menn hámarksverð á vörum þó að þeir vití að eftirspurnin verði miklu meiri en framboðið. Þetta er gert til þess að allir geti haft möguleika á að kaupa þessu eftirsóttu vörum. Þetta gæti t.d. verið gert vegna mjólkurskorts í mjólkurverkfalli eða skólagjálfa í eftirsóttan háskóla. Oft er farin sú leið við þessar aðstæður að skammta vöruma, t.d. fer enginn að kaupa meira en einn lítra af mjólk á dag. Það eru bara teknir inn 500 stúdentar sem hafa hæstu einkunnirnar eða enginn fær að kaupa nema tvö miða á tónleikana eða á fótboltaleikinn sem vitað er að miklu fleiri vilja fara á en hægt er að koma fyrir í húsinu eða á fótboltavellinum.

Við slikein aðstæður myndast stundum svokallaður „svartur markaður“. Margir eru tilbúnir til að kaupa miðana á leikinn á miklu hærra verði og þeir sem eru fremstir í biðróðinni og nái í miða geta síðan selt þá aftur hæstbjóðanda. Á mynd 6.8 má einnig sjá hvað fengist fyrir vöruma sem skortur er á á svörtum markaði.

Mynd 6.8 Verð sett fyrir neðan markaðsverð



Svartur markaður

Verkefni

- 1 Skilgreindu hugtakið eftirspurn. Teiknaðu upp eftirspurnarkúrvu sem sýnir eftirspurn eftir pitsum á dag í ákveðnu hverfi í Reykjavík og sem er í samræmi við eftifarandi töflu:

| Verð | Magn |
|----------|-------------|
| 2500 kr. | 1000 pitsur |
| 1500 kr. | 2500 pitsur |
| 1000 kr. | 4000 pitsur |

Teldu upp 4–5 þætti aðra en verðið á pitsunni sem hafa áhrif á eftirspurn eftir pitsum. Sýndu á grafinu hvaða áhrif breyting á einum þessara þáttu hefur á eftirspurnarkúrvuna og á það magn sem fólkði í hverfinu vill borða af pitsum á dag. Af hverju gæti eftirspurnarkúrvan eftir pitsum verið ónnur í vesturbænum í Reykjavík en í Árbæjarhverfinu?

Af hverju hallar eftirspurnarkúrvan niður til hægri, eða með öðrum orðum, af hvaða tveimur ástæðum kaupa menn meira þegar verðið á vörurnni lækkar?

- 2 Jón og Gunnar borða bæði pitsur reglulega. Jón er jó meira fyrir pitsur en Gunnar. Eftirspurnin hans Jóns í desember er eftifarandi:

| Verð | Magn |
|----------|----------|
| 2500 kr. | 2 pitsur |
| 1500 kr. | 5 pitsur |
| 1000 kr. | 8 pitsur |

Teiknaðu eftirspurnarkúrvuna.

Eftirspurnin hennar Gunnar í sama mánuði er eftifarandi:

| Verð | Magn |
|----------|----------|
| 2500 kr. | 1 pitsa |
| 1500 kr. | 2 pitsur |
| 1000 kr. | 3 pitsur |

Teiknaðu kúrvuna.

X Teiknaðu nú sameiginlega eftirspurnarkúrvu fyrir Jón og

Gunnar í desember. Þetta verða als 3 eftirspurnarkúrvur, ein fyrir Jón, ónnur fyrir Gunnar og sú þriðja fyrir þau bæði.

- 3 Skilgreindu hugtakið framboð. Teiknaðu upp framboðskúrvu sem sýnir framboð af pitsum á dag í Reykjavík og er í samræmi við eftifarandi töflu:

| Verð | Magn |
|----------|-------------|
| 2500 kr. | 4000 pitsur |
| 1500 kr. | 2500 pitsur |
| 1000 kr. | 1000 pitsur |

Teldu upp 4 til 5 þætti aðra en verð á pitsum sem hafa áhrif á framboð af pitsum. Sýndu á grafinu hvaða áhrif breyting á einum þessara þáttu hefur á framboðskúrvuna og á það magn sem framleiðandinn í hverfinu vill framleða af pitsum á dag. Af hverju er framboðskúrvan fyrir pitsur óðruvísi í Reykjavík en í borginni Columbus í Ohio? Af hverju hallar framboðskúrvan upp til hægri eða, með öðrum orðum, af hverju framleða menn meira þegar verðið á hækkar á markaðnum?

- 4 Skilgreindu hugtakið framboð af vinnuafli. Nemendum í ákveðnum framhaldsskóla býðst vinna í eina klukkustund á dag á bókasafni skólans. Teiknaðu framboðskúrvu eftir töflunni að neðan sem sýnir þann fjölda nemenda sem vill vinna á bókasafni. Hvað þarf bókasafnið að greiða á tímann ef það vill ráða 7 nemendur í vinnu samkvæmt þessari framboðskúrvu?

| Tímakaup á bókasafni | Fjöldi nemenda sem vill vinna |
|----------------------|-------------------------------|
| 500 kr. | 2 nemendur |
| 1000 kr. | 4 nemendur |
| 1500 kr. | 6 nemendur |
| 2000 kr. | 8 nemendur |

- 5 Þú ákveður að framleða vöflur sem þú selur í Kringlunni á laugardögum. Vaffles kostar að meðaltali 50 kr. í framleiðslu.

Framboð þitt af vöflum á dag er eftifarandi:

| Verð | Magn |
|---------|------------|
| 150 kr. | 100 vöflur |
| 250 kr. | 200 vöflur |
| 350 kr. | 300 vöflur |
| 400 kr. | 400 vöflur |

Teiknaðu framboð þitt af vöflum á dag, ekki gleyma að merkja ásana. Hvaða þættir aðrir en verð vörurnar gætu breytt framboði þínu af vöflum, p.e. flutt framboðskúrvuna til hægri eða vinstri? Sýndu áhrifin á framboðskúrvuna vegna breytinga á einum þessara þáttu.

Eftirspurnin eftir vöflum í Krungunni er eftirfarandi:

| Verð | Magn |
|---------|------------|
| 150 kr. | 300 vöflur |
| 250 kr. | 200 vöflur |
| 350 kr. | 100 vöflur |
| 400 kr. | 50 vöflur |

Bættu nú eftirspurnarkúrvu á myndina og sjáðu hvar linurnar skerast.

Hvert verður verðið og magnið á markaðnum? Hverjar verða tekjurnar af vöflusölnni?³ Hver verður heildarkostnaðurinn?⁴ Hversu mikill verður gróðinn eða tapirof af vöflum framleiðslunni?⁵

6 Í Reykjavík eru tvær búðir sem selja handþrjónaða vettlinga. Ónnur verslunin heitir Ullin en hin heitir Lopinn.

Framboð Ullarinnar er eftirfarandi:

| Verð | Magn |
|----------|----------------|
| 500 kr. | 300 vettlingar |
| 1000 kr. | 400 vettlingar |
| 1500 kr. | 500 vettlingar |

³ Tekjur = verð x magn.

⁴ Heildarkostnaður = meðalcostnaður x magn.

⁵ HT – HK = gróði eða tap.

Ullin er stærri verslun en Lopinn og býður fleiri vettlinga til sôlu. Báðar verslunirnar kaupa vettlingana frá Kína á 200 kr. stykkid.⁶ Teiknaðu framboð Ullarinnar.

Framboð Lopans er eftirfarandi:

| Verð | Magn |
|----------|----------------|
| 500 kr. | 100 vettlingar |
| 1000 kr. | 250 vettlingar |
| 1500 kr. | 400 vettlingar |

Sýndu framboðskúrvu Lopans. Sýndu svo heildarfamboð Lopans og Ullarinnar á þróju kúrvunni.

Hverjar eru heildartekjur, heildarkostnaður og hagnaður Ullarinnar ef verðið á markaðnum er 1000 kr.? Hverjar eru heildartekjur, heildarkostnaður og hagnaður Lopans ef verðið á markaðnum er 1500 kr?

7 Sýndu með teikningu hvernig framboð og eftirspurn eftir tveggja herbergja íbúðum í hverfi 101 í Reykjavík ákvæða verð og fjöldi íbúða sem seljast á ári að sveðfinu. Sýndu áhrifin af auknum íbúðarbyggingum í Ölfirisey og við Höfnina og áhrifin af aukinni eftirspurn eftir íbúðum á þessu svæði á öðru grafi. Hvaða áhrif hafa auknar vaxtabætur⁷ að fasteignaverði i hverfinu og hver eru áhrif þeirra á þann fjöldi íbúða sem selst i hverfinu? Hvaða áhrif hafa auknar húsaleigubætur⁸ að fasteignaverðið i hverfinu? Hvaða afleiðingar hefði það ef borgarsjórin í Reykjavík ákvæði að verð á tveggja herbergja íbúðum í 101 mætti aldrei fara upp fyrir 18 milljónir og þessi ákvörðun væri síðan samþykkt í borgarsjórn. Sýndu þetta á grafi og útskyrðu.

⁶ Hér er gert ráð fyrir að kostnaðurinn minnið ekki þótt magnið aukið.

⁷ Endurgreiðsla ríkisins á hluta vaxtakostnaðar af íbúðarlánum skerðist: vegna tekna og eigna.

⁸ Nánugreiðsla sveitarfélaga á húsaleigoj. Skerðist vegna eigna og tekna.